

# SAMÞYKKTIR FYRIR VÍSINDAGARÐA HÁSKÓLA ÍSLANDS EHF.

## 1. HEITI FÉLAGSINS, HEIMILI OG TILGANGUR

### 1.1.

Félagið er einkahlutafélag. Nafn þess er Vísindagarðar Háskóla Íslands ehf.

### 1.2.

Heimili félagsins er í Háskóla Íslands Suðurgötu, 107 Reykjavík

### 1.3.

Tilgangur félagsins er að efla vísindarannsóknir og nýsköpun með því að skapa kjöraðstæður til slíks í vísindagörðum á lóð Háskóla Íslands. Í því skyni er félaginu m.a. heimilt að byggja, kaupa, selja, leigja og reka fasteignir fyrir háskóla, hátæknifyrirtæki, stofnanir, sérhæfðar rannsóknastofur og sprotafyrirtæki. Félaginu er heimilt að veita styrki eða lán, annast eignaumsýslu og eiga samstarf við einstaklinga, félagasamtök, sveitarfélög, ríkisstofnanir, enda séu slíkar ráðstafanir gerðar í þágu tilgangs félagsins samkvæmt þessari grein og í þágu almannaheilla. Hagnaði og eignum félagsins má einungis ráðstafa í þágu tilgangs félagsins eins og hann er skilgreindur í þessari grein og er óheimilt að breyta þessu ákvæði í samþykktum félagsins. Eigendum er óheimilt að taka hagnað eða arð út úr félaginu.

## 2. HLUTAFÉ FÉLAGSINS

### 2.1.

Hlutafé félagsins er kr. 1.225.000.000 – eittþúsund tvöundrað tuttugu og fimm milljónir króna – og skiptist í einnar krónu hluti og fylgir eitt atkvæði hverjum hlut. Hluthafafundur einn getur samþykkt hækkun hlutafjár í félaginu og þarf til sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í hlutfalli við hlutafjäreign sína. Stjórn félagsins er þó heimilt að hækka hlutafé félagsins þannig að heildarhlutafé verði 1.250.000.000 – eittþúsund tvöhundruð og fimmtíu milljónir króna – að hámarki með útgáfu nýrra hluta án samþykkis hluthafafundar. Hluthafar falla frá forgangsrétti sínum að þessari hækkun. Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutafjár.

### 2.2.

Hlutir skulu vera tölusettir í áframhaldandi númeraröð og hljóða á nafn. Stjórn félagsins skal halda hlutaskrá samkvæmt lögum.

### 2.3.

Gagnvart félaginu skal hlutaskráin skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti að hlutum í félaginu og öðlast eigendaskipti að hlutum ekki gildi gagnvart því fyrr en stjórn þess hefur verið tilkynnt um það skriflega.

### 2.4

Stjórn félagsins hefur forkaupsrétt fyrir félagsins hönd að fölum hlutum. Að félaginu frágengnu hafa hluthafar forkaupsrétt að hlutum í hlutfalli við hlutafjäreign sína.

## 2.5

Við tilkynningu til stjórnar félagsins um eigendaskipti verður framangreindur forkaupsréttur virkur. Stjórn félagsins skal þegar við móttöku tilkynningar um eigendaskipti senda öllum hluthöfum skriflega orðsendingu þar um og taka fram afstöðu stjórnarinnar til forkaupsréttarins liggi hún þegar fyrir. Liggi afstaða stjórnarinnar ekki fyrir við útsendingu orðsendingarinnar skal stjórnin tilkynna forkaupsréttarhöfum um endanlega ákvörðun stjórnarinnar eigi síðar en að liðnum tveimur vikum frá viðtöku tilkynningar um eigendaskipti.

## 2.6

Stjórn félagsins skal hafa tvær vikur til að beita forkaupsrétti félagsins en aðrir forkaupsréttarhafar skulu hafa eins mánaðar frest til að beita forkaupsrétti sínum og telst fresturinn í báðum tilvikum byrja að líða þegar stjórn félagsins tekur á móti tilkynningu um eigendaskipti sem tilgreinir verð og greiðsluskilmála. Liggi ekki fyrir upplýsingar um verð og greiðsluskilmála skal stjórn félagsins skora á framseljendur að upplýsa um þau atriði. Berist ekki svar frá framseljendum innan þriggja virkra daga skal kaupverðið ákvarðað af dómkvöddum matsmönnum sbr. 4. mgr. 14. gr. laga nr. 138/1994, vilji einhver forkaupsréttarhafi neyta forkaupsréttar.

## 2.7

Reikningsgrundvöllur kaupverðs við beitingu forkaupsréttar skal vera hinn sami og gert er ráð fyrir að gildi varðandi hin tilkynntu eigendaskipti en þó skal kaupverð ákveðið af tveimur matsmönnum sbr. 4. mgr. 14. gr. laga nr. 138/1994 takist forkaupsréttarhafa að sanna að tilgreint kaupverð að teknu tilliti til greiðsluskilmála sé til málamynda eða í verulegu ósamræmi við raunverulegt verðmæti hlutanna. Gangi forkaupsréttarhafi inn í fyrirliggjandi tilboð skulu ákvæði þess gilda um greiðsluskilmála en í öðrum tilvikum skal kaupverð greitt innan mánaðar frá því að kaup voru ákveðin.

## 2.8

Eigendaskipti vegna erfða eða búskipta lúta ekki framangreindum forkaupsréttarreglum.

## 2.9

Hluthafar bera ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu.

## 2.10

Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu. Óheimilt er að gefa eða veðsetja hluti án samþykkis félagsstjórnar.

### 3. ÁKVÖRÐUNARVALD Í MÁLEFNUM FÉLAGSINS.

#### 3.1.

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum lögmætra hluthafafunda.

#### 3.2.

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok ágústmánaðar ár hvert.

- 1) Stjórn félagsins skal skýra frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.
- 2) Ársreikningur ásamt athugasemdum endurskoðenda/skoðunarmanna skal lagður fram til samþykktar.
- 3) Kjósa skal stjórn félagsins og endurskoðanda eða skoðunarmenn.
- 4) Tekin skal ákvörðun um hvernig fara skal með hagnað eða tap og um arð og framlög í varasjóð.
- 5) Ákvörðun skal tekin um greiðslur til stjórnarmanna fyrir störf þeirra á starfsárinu.
- 6) Önnur mál löglega upp borin.

### 4. STJÓRN FÉLAGSINS OG FRAMKVÆMDASTJÓRI

#### 4.1.

Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum og tveimur til vara kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Varamenn skulu kjörnir í ákveðinni röð. Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja manni. Undirskriftir tveggja stjórnarmanna skuldbinda félagið. Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum. Halda skal fundargerð um stjórnarfundir.

#### 4.2.

Stjórn félagsins getur ráðið félaginu framkvæmdastjóra ef þurfa þykir og samið um starfskjör hans. Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfsfólks í samráði við stjórn félagsins. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórn og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

### 5. REIKNINGSHALD OG ENDURSKOÐUN

#### 5.1.

Á aðalfundi félagsins skal kjósa endurskoðunarfélag til eins árs í senn.

#### 5.2.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Skal gerð ársreiknings lokið eigi síðar en einum mánuði fyrir aðalfund ár hvert og hann þá lagður fyrir endurskoðanda.

## 6. ÖNNUR ÁKVÆÐI

### 6.1.

Félagsstjórn skal boða til hluthafafunda með skriflegri tilkynningu til hvers hluthafa. Heimilt er að boða hluthafafundi með símbréfi eða tölvupósti en þá skal óskað eftir að viðtökustaðfesting sé send til baka til stjórnarinnar. Hluthafafundi þarf ekki að halda á heimili félagsins. Aðalfund og aukafund skal boða með minnst sjö daga fyrirvara en ef allir hluthafar mæta á aukafund og bókað er samþykki þeirra þar um skal fundur skoðast lögmætur þótt til hans hafi verið boðað með skemmri fyrirvara. Fundarefnis skal getið í fundarboði.

### 6.2.

Samþykktum þessum má breyta á hluthafafundi með 2/3 hlutum greiddra atkvæða svo og hluthafa sem ráða yfir a.m.k. 2/3 hlutum af því hlutafé í félaginu sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, enda sé annað atkvæðamagn ekki áskilið í landslögum.


### 6.3

Með tillögur um slit og skipti á félaginu skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum. Þarf atkvæði hluthafa sem ráða minnst 2/3 hlutum af heildarhlutafé félagsins til að ákvörðun um slit sé gild. Hluthafafundur, sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit eða skipti félagsins, skal einnig ákveða ráðstöfun eigna og greiðslu skulda.

### 6.4

Þegar ákvæði samþykkt þessara segja ekki til um hvornig með skuli farið skal hlíta ákvæðum laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög.

Þannig samþykkt af stjórn Vísindagarða Háskóla Íslands ehf.  
í Reykjavík þann 25. nóvember 2014.

Eiríkur Hilmarsson